



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu
Bókmennta- og listfræðastofnunar Háskóla Íslands,
„Grímur Thomsen og 19. öldin“**

**Hátíðarsalur Háskóla Íslands
27. nóvember 2021**

Ágætu áheyrendur.

Ég þakka þann heiður sem mér er veittur að setja þetta málþing um Grím Thomsen og flytja hér stutt ávarp. Saga Gríms er samofin sögu Bessastaða. Þar bjuggu þau Jakobína kona hans og þau hvíla undir vegg Bessastaðakirkju. Á kórgafli hennar er einnig dánargríma Gríms. Þá er það svo að skrifstofa forseta á Bessastöðum er kennd við hann, kölluð Thomsensstofa eða bara Thomsen í daglegu tali. Þar er snotur mynd af honum á unga aldri og sömuleiðis reiðtygi úr fórum hans – ekki þó reiðtygi Sóta, uppáhaldsgæðings hans. Saga þess góðhests er merk. Þegar Grímur bjó í Danmörku keypti hann fákinn og lét senda sér út. Svo tók hann Sóta með við flutning heim og hafði á Bessastöðum.

Sóti var felldur árið 1882 og heygður með öllum reiðtyggjum, norðaustan við Bessastaðastofu. Þá felldi Grímur Thomsen tár og þá sögu segir maður gjarnan við gesti í Thomsensstofu, bætir svo við að Grímur hafi setið hér við skriftir, ort sum sinna kunnu ættjarðarljóða, heimsborgari sem var kominn aftur á æskulóðir. Svo hafi Sóti birst við gluggann, Grímur teygt sig í brauðbita og fært honum.

Þannig verður til falleg mynd, stöðu Gríms Thomsens í þjóðarsögunni haldið við, og ætíð við hæfi að fara með eins og eitt vers úr óð hans til Sóta:

Sanda þylur, sverfur mél,
Sóti mylur grjótið vel,
fótaskilin fljót sem él,
fer sem bylur yfir mel.

Áfram má síðan segja sögur af Grími í Thomsensstofu, nema gestir gerist auðsýnilega þreyttir og áhugalitlir. Sú er þó sjaldnast raunin, fólk er kurteisara en svo. Þannig væri hægt að nefna frama Gríms í utanríkisþjónustunni dönsku. Grímur Thomsen er „fyrsti lærimeistari íslenskra diplómata,“ sagði einn sendiherra okkar á sínum tíma. Svo má jafnvel bæta við hvernig þessi drengur af Álftanesi forframaðist og varð maður með mönnum í borgum Evrópu, ekki aðeins í Kaupmannahöfn heldur víðar, til dæmis í París þar sem hann umgekkst valdhafa og bar sig mektuglega. Þar las hann blöðin á hverjum morgni og fékk sér kaffi með eins og hann lýsti fyrir íslenskum vinum, „Café au lait c, 1/3 sterkt kaffe og 2/3 heit mjólk, og með því eitt franskbrauð“.

Svo væri sjálfsagt að nefna framlag Gríms Thomsens á sviði íslenskra fræða, skrif hans um fornan sagnaarf Íslendinga sem eiga erindi við alla á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Reyndar hef ég aldrei farið með þessa löngu tilvitnun, sem nú fylgir, fyrir gesti í Thomsen, maður reynir ekki að nauðsynjalausu á þolrif þeirra. En hér ætti þó að vera áhugasamur hlustendahópur. Hinn 9. janúar 1846 flutti Grímur Thomsen fyrirlestur í Skandinavistafélaginu í Kaupmannahöfn, fyrirlestur sem vakti þegar mikla athygli eins og ýmsum ykkar er eflaust kunnugt. Skandinavisminn snerist um að efla samband og tengsl norrænna þjóða og þá lá beint við að hampa þeim menningararfi sem þær áttu saman. Það vildi Grímur gera, og gerði með stæl. En hann minnti líka á hinn drjúga þátt Íslendinga í þeim efnum.

„Yður mun nú vera ljóst, herrar mínir,“ sagði Grímur í erindi sínu, „að Íslendingar hafa ekki einungis sjálfir skapað fornnorrænar bókmenntir, sem eru réttnefndar íslenskar, heldur lögðu þeir einnig mest til rannsókna þeirra, gæslu og útbreiðslu. Það er engan veginn tilgangur minn að gjöra neinum rangt til eða draga einhliða fram verðskuldan ættlands míns, en þar sem menn hafa svo oft viljað gera lítið úr þessari verðskuldan og veita öðrum löndum heiðurinn af því, sem Íslandi ber með réttu, þá finn ég mig knúinn til að leiðrétta slíka einsýni.“

Já, herrar mínar og frúr, er til sannari Íslendingur? Sveinn Yngvi Egilsson hefur bent á að í söngbókum og kvæðakverum frá seinni hluta nítjándu aldar og næstu áratugi þykir Landslag Gríms Thomsens ómissandi. Enn er það sungið, til að mynda af Kór Langholtskirkju á geisladiski sem gefinn var út í tilefni af hálftrar aldar afmæli lýðveldisins:

Heyrið vella á heiðum hverri,
heyrið álftir syngja í veri:
Íslands er það lag.
Heyrið fljót á flúðum duna,
foss í klettaskorum bruna:
Íslands er það lag.

En svo getur málið vandast. Dokum aðeins við. Hvað er svona rammíslenskt við að vera skandínavisti að leþja latte í París? Ekki var Grímur alltaf í hávegum hafður á Íslandi. Kristján Jóhann Jónsson hefur komist svo að orði: „Nýlenduviðhorf íslenskrar þjóðar birtist í viðhorfinu til hans á þann hátt meðal annars að hann var upphafinn sem sigursæll Íslendingur en varð einnig skotspónn djúpstæðrar reiði sem hluti af hinu danska valdakerfi. Hann varð öflugt íslenskt þjóðskáld en frami hans í dönsku valdakerfi og sem sendifulltrúi Dana víða í Evrópu varð nægilegur til þess að hann varð jafnframt hið ósegjanlega – bæði við og hinir.“

Andúð í garð Gríms Thomsens um hans daga er vel dregin saman í fregninni frægu eða alræmdu sem Jón Ólafsson ritstjóri birti í blaði sínu: „Rétt áður en póstskipið fór að heiman síðast vildi það slys til að dr. Grímur Thomsen féll af hesti [kannski Sóta, skýt ég hér inn] niður um ís á Lambhúsatjörn á Álftanesi, og drukknaði ekki. Íslands óhamingju verður allt að vopni.“

Ég viðurkenni að maður freistast stundum til að láta þessa sögu flakka í Thomsensstofu á Bessastöðum. Og auðvitað væri hægt að bæta fleiru við af þessu tagi. Sigurður Jónsson skipstjóri, Sigurður í Görðum, ólst upp í Skildinganesi og var því stundum fenginn til að róa með Grím yfir á Álftanes eftir ferðir í kaupstaðinn. Ekki átti hann góðar minningar um þá skyldu. „Það var því líkast að hann sæi ekki snáðann sem reri þó undir honum,“ skrifaði Sigurður síðar. „Aldrei rétti hann mér nokkurn skapaðan hlut, ekki einu sinni gráfíkju eða rúsínuögn, hvað þá aura, en mér var sagt að skáldið væri aurasárt.“ Þannig heldur þessi napra lýsing áfram. En samt brýst í lokin fram virðing í garð hins mikla skálds, þess Íslendinga sem kunni öðrum fremur að yrkja um táp og fjör og fríska menn. „Hinsvegar efast ég ekki um,“ sagði Sigurður, „að hann hafi haft stórt og ylríkt hjarta, það sýna ljóð hans, auk karlmennskunnar, og sannast mun það vera að ljóðin lýsi Grími Thomsen best og verði rökvísasti vitnisburðurinn um hann lífs og liðinn.“

Ágætu áheyrendur! Hér kemur eflaust í ljós hvað lýsir Grími best, ljóðin eða líf hans, og segi ég þessa ráðstefnu hér með setta.